



Afstöðumynd 1:500

○ Hnitpunktar 1-4 skv. mælibleði.

KIRKJUVEGUR 4, ÓLAFSFIÐILandnúmer lóðar: 151163
Lóðarstærð: 340m²

Sótt er um leyfi til að flytja hús á lóðina nr. 4 við Kirkjuveg á Ólafsfirði og gera á því endurbætur og breytingar. Einnig er sótt um leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni.

Húsið.

Flutningshúsið heitir Miðbær og stóð það lengst af við Aðalgötu 10 á Ólafsfirði. Húsið var byggt árið 1928, en árið 1983 var það flutt þaðan vegna nýbyggingar Sparisjóðs Ólafsfjarðar og sett niður á Reykjum við Lágheiði í Ólafsfirði.

Miðbær er portbyggt bárujárnsklætt timburhús sem stóð á steiptum hálf-niðurgrofnum kjallara, rétt manngengum. Inngangur var um steiptar tröppur á jarðhæð.

Endurbætur og viðbyggingar.

Litlar breytingar verða gerðar innandyra í húsinu sjálfu. Á jarðhæð er opið rými með eldhúsi og stofu og í viðbyggingu verður svefnherbergi og baðherbergi. Af jarðhæð er innangengt um stiga í ris.

Aðalinngangur verður um steiptar tröppur og bislag á suðurhlíð jarðhæðar. Bakinnangur verður á vesturhlíð viðbyggingar.

Settur verður eldhúsgluggi á sunnanverða vesturhlíð og suðurgluggi færður til samræmis við glugga á bislagi.

Öll mál í millimetrum

Mælið ekki af teikningum

Misræmi í teikningum tilkynnast arkitektum strax

Lesi skal teikningar með viðeigandi verklýsingum,

ásamt viðeigandi teikningum og

verklýsingum annarra hönnuða

© Studio Granda

Á jarðhæð verður kamina og hitarör lagt upp í gegnum húsið. Settir verða þakgluggar og strompur á þakið. Húsið verður klætt með bárujárni og gluggar og þakkantar endurnýjaðir í samræmi við aldur hússins og byggingarlag.

Veggir og þak í bislagi og viðbyggingu eru úr timburgrind sem klædd verður eins og húsið.

Tvær flóttaleiðir eru á jarðhæð, en í risi verða opnanlegir þakgluggar til norðurs og suðurs. Eldvarnir verða í samræmi við reglugerðir þ.a.l.

Undirstöður og lagnir.

Steiptar verða undirstöður fyrir húsið og því lyft um 0,5-0,6m. yfir lóðarhæð, líkt og áður var.

Allt rafmagn og pípulagnir verður endurnýjað. Viðbygging og bislag verða með steyptri gólfplötu og gólfhita. Önnur rými verða hituð með ofnum.

Tröppur, gangstétt og bílastæði verða með snjóbræðslu.

Bílskúr og lóð.

Á lóðinni verður byggður uppithaður bílskúr, allt að 25m², klæddur með bárujárni, tjörupappa og listum. Tvö bílastæði verða á lóðinni.

Breytingar 2019.

Lagnakjallari var dýpkaður á framkvæmdatíma. Lofthæð undir burðarbita er 1960mm. og mesta lofthæð 2110mm. Settir voru 6 gluggar á kjallaranum og 3 loftgöt. Tvö niðurföll eru í gólf. Lagnainntök eru í kjallara. Stigi var settur á milli hæða. Skráningartafla hefur verið uppfærð í samræmi við þessar breytingar. Lóð er hækkuð til samræmis við þessar breytingar.

Sorp hefur verið flutt á afstöðumynd vegna athugasemda í grenndarkynningu 2018.

	nettó m ²	brúttó m ²	brúttó m ³
Íbúðarhús			
Kjallari	48,6	59,4	132,8
Jarðhæð	49,5	57,6	164,9
Ris	18,4	20,3	60,1
Alls	116,5	137,3	357,7
Bílskúr			
Jarðhæð	19,4	24,0	89,4
Samtals	135,9	161,3	447,1
Lóð		340	
NHL		0,47	

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd

5 / 9 2018



breyt.	dags.	teiknað	lýsing
A	01/11/19	KEH/SMC	alm. breyt.

verk **Miðbær**

verkkaupi Kristinn E. Hrafnsson

teikning Afstöðumynd

m.k.v. 1:500

dags. 10 júní 2018

teiknað / yfirfarið KEH/SMC

Margrét Harðardóttir arkitekt FAÍ
140559-2459Steve Christer arkitekt FAÍ
060360-3639STUDIO GRANDA Smiðjustígur 11b
Reykjavík
IS-101
Icelandsími +(354) 562 2661
email studiogranda@studiogranda.is

verk teikn. breyt.

337 B010 A